

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hvernig hefur verið staðið að sérhæfðri móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis á slysa- og bráðasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt samningi frá 2. maí 2003?
2. Hversu margir þolendur hafa notið þjónustunnar?
3. Eru áform uppi um að efla sérhæfða móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis?